

236. fundur háskólaráðs Háskólans á Akureyri þann 21. nóvember 2005.

Þorsteinn Gunnarsson setti fund kl. 09:00.

Mættir voru auk hans:

Anna Þóra Baldursdóttir fulltrúi kennara
Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra
Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara
Karl Guðni Hreinsson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Laufey S. Sigurðardóttir ritari rektors
Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála sat fund til kl. 15:00
Ögmundur Knútsson framkvæmdastjóri

Gestir: Sigrún Magnúsdóttir forstöðumaður upplýsinga- og gæðastjórnunarviðs
Þórleifur S. Björnsson forstöðumaður rannsókn- og alþjóðasviðs

Rektor setti fund og kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 235. fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt. Rætt var um verklagsferli við að koma skipulagsbreytingum í framkvæmd. Vinna við sameiningu deilda er þegar komin af stað og næsta skref að auglýsa stöðu framkvæmdastjóra háskólaskrifstofu.

2. Rekstraryfirlit janúar – október 2005

Úlfar gerði grein fyrir stöðu rekstrar. Rekstrarkostnaður er tæplega 831,0 m.kr. eftir tíu mánuði ársins þar af 498,8 m.kr. vegna kennsludeilda og 332,2 vegna stoðdeilda. Rekstrarkostnaður er 3,5% yfir áætlun þegar á heildina er litið. Enn eru ófærðar tekjur í auðlindaeild og félagsvísinda- og lagadeild.

3. Undirbúningur rekstraráætlunar 2006

Úlfar sagði að vinna væri hafin við gerð rekstraráætlunar 2006. Stefnt er að því að leggja fram drög á háskólaráðsfundi í desember. Rektor dreifði til fróðleiks minnisblaði um fjárhag háskólans og frumvarp til fjárlaga vegna fundar með þingmönnum Norðausturkjördæmis 31. október sl.

4. Breytingar á reglum um rannsóknaleyfi

Þórleifur Björnsson kynnti ný drög að reglum um rannsóknaleyfi. Drög að reglum voru kynnt á síðasta fundi háskólaráðs og rakti hann breytingar sem gerðar voru eftir athugasemdir frá fulltrúum kennara. Háskólaráð fól rektor að leita samráðs við Félag háskólakennara og Félag prófessora um reglurnar.

5. Stofnanaúttekt IMG

Sigrún Magnúsdóttir gerði grein fyrir helstu niðurstöðum í skýrslu um stofnanaúttekt á Háskólanum á Akureyri sem IMG gerði að beiðni menntamálaráðuneytis. Niðurstöður úttektarinnar eru á heildina litið góðar fyrir háskólann. Sigrún sem var tengiliður við úttektaraðila sagði að samstarf og gagnaöflun hefðu gengið vel fyrir sig. Í tengslum við úttektina var gerð könnun meðal brautskráðra nemenda um gildi og gagnsemi náms í HA og hefðu niðurstöður þeirrar könnunar verið jákvæðar fyrir háskólann. Skýrslan er birt í heild sinni á heimasíðu háskólans. Ráðuneytið hefur óskað eftir því að háskólinn sendi ráðuneytinu og birti opinberlega, fyrir 1. febrúar 2006, greinargerð um hvernig háskólinn hyggst bregðast við þeim ábendingum sem fram koma í skýrslunni. Háskólaráð fól rektor að sjá um það.

6. Samningur við Þekkingarsetur Þingeyinga

Rektor kynnti drög að samstarfssamningi við Þekkingarsetur Þingeyinga og jafnframt breytingatillögu sína varðandi fjármögnun. Um er að ræða samstarf um kennslu og námskeiðahald, rannsóknarstarf, nýtingu aðstöðu og gagnkvæma þjónustu stofnananna við starfsfólk og nemendur. Háskólaráð gaf rektor heimild til að ganga til samninga við Þekkingarsetrið með samþykktum breytingum á fjármögnun.

7. Önnur mál

7.1 Rektor lagði fram til fróðleiks uppkast að tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaáætlun fyrir árin 2006-2009. Einnig athugasemdir sínar við uppkastið sem iðnaðarráðuneyti óskaði eftir að hann gerði.

7.2 Skv. beiðni sem fram kom á síðasta fundi dreifði rektor samantekt um þóknanir fyrir fundasetur í háskólaráði, við ríkisháskólana.

7.3 Anna Þóra benti á að leggja þyrfti ríka áherslu á kynningar á námsframboði næsta árs. Rektor tók undir það og sagði að ljósi endurskipulagningar þyrfti að leggja sérstaka áherslu á kynningarmálin.

7.4 Anna Þóra spurði hvort fjarkennslunefnd muni halda áfram vinnu. Úlfar sagði að nefndin verði sett af stað innan nokkurra daga.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11:30.